

Mosfellsbær  
Skipulagsfulltrúi  
Þverholti 2  
270 Mosfellsbær

Reykjavík 12. apríl 2018  
UST201802-301/K.S.J.  
10.04.02

### Efni: Lýsing - Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011 - 2030

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er barst 23. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011 – 2030 er varðar aukningu á frístundabyggð í suðurhluta bæjarfélagsins.

Í lýsingu kemur fram að um er að ræða þrjú svæði í nágrenni við núverandi frístundabyggð vestan Dallands en þar bætast við 3,9 ha af frístundasvæði og á svæði norðan við Selvatn bætast við 8,7 ha af frístundasvæði. Í lýsingu kemur fram að hér er fremur um þéttingu núverandi frístundasvæða að ræða fremur en nýjar frístundabyggðir.

#### Vatnsvernd


Umhverfisstofnun vekur athygli á því að svæðið vestan Dallands er á mörkum fjarsvæðis vatnsverndar og frístundasvæði norðan Selvatns er inni á fjarsvæði vatnsverndar.

Í greinargerð um heildarendurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu kemur fram: „að samkvæmt samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla þarfnast fjarsvæði A verndar umfram fjarsvæði B þar sem á fjarsvæði A er aðalákoman fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Á fjarsvæði A og B er óheimilt að staðsetja mengandi starfsemi án samþykkis og skal afla leyfis heilbrigðisnefnda fyrir byggingu og notkun olíugeyma, veglagningu, náðhúsum, fráveitu og rotþróm o.s.frv.“


Samkvæmt ofangreindri greinargerð er skipulagssvæðið á fjarsvæði B sjá mynd 2 í greinargerðinni.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að í deiliskipulagi sé tekið tillit til þess að skipulagssvæðið er staðsett á fjarsvæði vatnsverndar. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við þéttingu frístundabyggðar í suðurhluta bæjarfélagsins.

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur